

Hafnarfjarðarbær,  
Björgunarsveit Hafnarfjarðar og Slysavarnadeildin Hraunprýði  
standa að svofeldri viljayfirlýsingu  
vegna uppbyggingar nýrrar björgunarmiðstöðvar.

Hafnarfjarðarbær hefur úthlutað Björgunarsveit Hafnarfjarðar og Slysavarnadeildinni Hraunprýði lóðinni Hvaleyrarbraut 32 til uppbyggingar nýrrar Björgunar- og félagsmiðstöðvar. Gatnagerðargjöld vegna lóðarinnar Hvaleyrarbraut 32, hafa verið að fullu endurgreidd af Hafnarfjarðarbæ og er hluti af stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við uppbyggingu hins nýja húsnæðis.

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar, Björgunarsveit Hafnarfjarðar og Slysavarnadeildin Hraunprýði gerðu með sér 10. apríl 2006 þá var vilji til þess að það húsnæði sem Björgunarsveitin hefur til afnota að Flatahrauni og er í eigu Hafnarfjarðarbæjar yrði stofnframlag í nýrri Björgunarmiðstöð við Hvaleyrarbraut. Fyrir lá að lóðskólinn í Hafnarfirði hygðist stækka húsnæði sitt og nýta lóðina við Flatahraun 1. Þær forsendur hafa allar breyst. eru aðilar ásáttir um eftirfarandi sem frekari stuðning við uppbyggingu og rekstur nýrrar Björgunarmiðstöðvar:

1. Hafnarfjarðarbær mun leggja fram sem nemur 30 milljónum króna með verðbótum frá febrúar 2010 til nýbyggingarinnar. Framlagið verður að eignarhluta Hafnarfjarðarbæjar í húsnæðinu og greiðist í tveimur hlutum á fyrsta ársfjórðungi 2012 og 2013. Grundvöllur eignarhluta Hafnarfjarðarbæjar miðast við framlag til verkefnisins sem hlutfall af fasteignarmati eignarinnar (ákvarðað af FMR).
2. Þá mun Hafnarfjarðarbær styðja við verkefnið í formi árlegs rekstrarstyrkjar. Grundvöllur styrksins skal miðast við samkomulag Hafnarfjarðarbæjar, Björgunarsveitar Hafnarfjarðar og Slysavarnadeildarinnar Hraunprýði. Samningur þessi komi til framkvæmdar árið 2012 og standi til ársins 2032. Gert skal ráð fyrir því við gerð samningsins að horft sé til samskonar samninga sem gerðir hafa verið að hálfu bæjarfélagsins.

Hafnarfirði 27. febrúar 2010

F.h. Hafnarfjarðarbæjar



F.h. Björgunarsveitar Hafnarfjarðar

F.h. Slysavarnadeildarinnar Hraunprýði

Jóhann Guðmundsson Kristín Gunnbj.

Vottar:

Rannveig Hjalmarsson eh 0922784609

Kristbjörg 150261.2029

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	23.2010
Málsnr:	1001275
Bréfal:	820.1